

Umsögn

Alþingi

Erindi nr. P 130/293

komudagur 25.11.2003

Þskj. 20 – 20. mál

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.

Ung frjálslynd telja að hér sé um afar mikilvægt mál að ræða. Ýmsu er ábótavant í núverandi kosningalögum, enda þau ekki nema eins konar málamiðlun sem missir gjörsamlega marks.

Í fyrsta lagi má nefna hversu flókin löggin eru. Talsverðar kúnstir þarf til að reikna út hvernig jöfnunarmenn dreifast á þá flokka sem eru í framboði og í hvaða kjördæmum þeir lenda. Enn fremur geta litlar breytingar á fylgi flokks kollvarpað niðurstöðunni og gjörsamlega ný staða komið upp – jafnvel þótt breytingin hafi verið örsní. Ófær frambjóðendur upplifa því líklega kosninganóttina sem happadrætti um það hvort atkvæði lendi þeim í hag – fyrirátlanir og verðleikar frambjóðanda sem er í baráttusæti eru ekki einu breytturnar í þessu dæmi, nú þarf hann líka að hafa heppnina með sér. Það getur jafnvel verið honum í hag að flokkur hans fái færri atkvæði í öðrum kjördæmum. Þessu þarf að breyta.

Í öðru lagi getur komið upp sú staða að þingmannafjöldi endurspegli ekki algjörlega hvernig atkvæði féllu. Tökum dæmi úr síðustu kosningum:

Í töflunni hér að neðan er samanburður á því hversu mörg þingsæti flokkarnir fengu raunverulega og því hversu mörg þeir hefðu fengið ef þingsætum hefði verið úthlutað nákvæmlega eftir atkvæðamagni. Ekki er gert ráð fyrir að ná þurfi lágmarksfjölda atkvæða til að fá uppbotarmann, en 2907 atkvæði liggja að baki hverjum öruggum þingmanni. Afgangsatkvæði eru fundin á eftirfarandi hátt: Öruggir þingmenn Framsóknarflokks skv. dæminu eru 11 og er því $11 * 2907 = 31977$ atkvæðum ráðstafað vegna þeirra. Heildaratkvæðafjöldi þeirra var 32.484 og eru því 507 atkvæði afgang, sem ganga upp í jafnaðarmann.

Hér er eingöngu um dæmi að ræða, ekki tillögu að framtíðarkosningafyrirkomulagi.

Úrslit alþingiskosninga árið 2003 – samanburður á beinni úthlutun þingsæta og raunfjölda þingmanna nú

Flokkur	Gild atkv.	Þingmannafj. skv. úrslitum	Öruggir þingmenn	Afgangsatkvæði	Þingmenn skv. dæmi	Raunfj. þingmanna	Mismunur
B	17,73%	11,17	11	507	11	12	-1
D	33,68%	21,22	21	654	21	22	-1
F	7,38%	4,65	4	1895	5	4	+1
N	0,98%	0,62	0	1791	1	0	+1
S	30,95%	19,50	19	1467	19	20	-1
T	0,46%	0,29	0	844	0	0	0
U	8,81%	5,55	5	1594	6	5	+1
Samtals	100%	63	60	3	63	63	0


Eins og sést í töflunni hefðu úrslit kosninganna orðið talsvert frábrugðin ef þingmannafjöldi hvers flokks endurspeglaði atkvæðafjölda á bakvið hvern þeirra. Stóru flokkarnir tapa greinilega á kostnað minni flokkanna, enda eiga litlir flokkar á Íslandi erfitt uppdráttar við núverandi fyrirkomulag og er það miður. Að mati ungra frjálslyndra er það lýðræðinu nauðsynlegt að hafa sem fjölbreyttustu samsetningu þingmanna á Alþingi, enda endurspegli það vilja þjóðarinnar.

Ung frjálslýnd

Í þriðja lagi má nefna að við núverandi fyrirkomulag er misvægi atkvæða gífurlegt. Flestir virðast líta á þetta sem sjálfsagðan hlut og er það gjörsamlega óskiljanlegt. Það að atkvæði eins manns telji meira en annars vegna búsetu á ekki að viðgangast í lýðræðisríki sem hreykir sér af jöfnuði þegna þess. Ekki dettur nokkrum manni í hug að láta atkvæði kjósenda telja misjafnlega vegna aldurs eða kyns. Hver er munurinn? Gamalt kjörorð Héðins Valdimarssonar „einn maður – eitt atkvæði“ á að sjálfsögðu að gilda.

Fjöldmörg önnur rök liggja að baki því hvers vegna mikilvægt er að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Óþarfa ruglingur vegna síbreytilegrar skiptingar Reykjavíkurkjördæmanna tveggja og það að hagsmunir heildarinnar þurfi ósjaldan að vikja fyrir þröngum kjördæmasjónarmiðum eru meðal þeirra hluta sem þarf einnig að lagfæra. Ung frjálslýnd styðja því umrædda þingsályktun heilshugar.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungra frjálslýndra,



Agnar Freyr Helgason